

Gammafundur 27. september 2007

Haldinn í Þjóðminjasafninu og Þjóðarbókhöðunni.

Gammakonur mættu á mismunandi tíma í Þjóðminjasafnið á þessu síðdegi. Sumar sáu kvikmyndina um Alexander eftir Martin Bell fyrst en aðrar komu kl.16:45 og hlýddu á mjög góða kynningu **Einars Fals Ingólfssonar, ljósmyndara og blaðamanns**á bandarískaljósmyndaranum Mary Ellen Mark og ferli hennar sem ljósmyndara. Ferill hennar er afar fjölbreyttur, meðal kunnustu verkefna eru líf heimilislausra ungmenna í Seattle, starf líknarstofnunar móður Teresu í Kalkútta, vændishús í Mumbai og lífið í indversku fjölleikahúsi. <http://www.maryellenmark.com/>> Einar Falur sagði einnig frá ljósmyndasýningunni Undrabörn sem nú er uppi í Þjóðminjasafninu. Myndataka fyrir sýninguna Undrabörn fór aðallega fram í Öskjuhlíðarskóla, Safamýrarskóla og Lyngási í góðri samvinnu við foreldra, kennara og skólastjórnendur sem og börnin sjálf veturinn 2006 til 2007. **Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri Myndlistarskóla Reykjavíkur** fræddi okkur síðan um hvað hún hafði í huga þegar hún valdi listaverk eftir nemendur Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla sameinnig þrýða veggj þjóðminjasafnsins.

Kynningarnar voru mjög áhugaverðar og fengu Ingibjörg og Einar rós. En nú var kominn tími til að halda yfir í Þjóðarbókhöðuna þar sem Stefanía tók á móti okkur og vísaði okkur beint í matinn á huggulegri kaffistofu bókhöðunnar. Veitingarnar voru finar og kaffi á eftir.

Gammakonur færðu sig síðan yfir í fundarsal.

Ingibjörg setti fundinn og tekið var nafnakall.

Mættir voru: Anh-dao, Árný, Björg, Elín, Eygló, Gerður, Guðný, Helga, Hrefna, Hertha, Ingibjörg Einars, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Kristrún, Margrét, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sig., Sigrún Aðalbjarnar eldri og yngri, Stefanía, Svana og Vilborg.

Björg las upp markmið samtakanna og rifjaði upp skemmtilegra ferð í Laugardalinn síðast liðið vor. Þar sem við nutum gestreisni Sigríðar og Ásgeirs og síðan Ingibjargar Einarsdóttur og Júlíusar í sumarhúsum þeirra. Ferðin var frábær og móttökurnar konunglegar.

Björg ræddi líka stuttlega um laun kennara á öllum stigum og áhrif þeirra í framtíðinni.

Kristrún var með orð til umhugsunar og sagði frá ferðalögum víða um heim en las síðan pistil Árna Óla um heiðina í Kelduhverfi sem á engan sinn líka.

Árný talaði um árgjaldið og bað konur að greiða sem fyrst. Einnig benti hún á afmælisritið og hversu upplögð gjöf ritið væri og verðið gott.

Ingibjörg Jónasar sagði frá ferð sjö kvenna úr deildinni á Evrópuþing Delta Kappa Gamma í London. Yfirskrift þingsins var Wisdom to Share Passion to Clear. Creativity Through Diversity.

Boðið var upp á margs konar námskeið og vinnustofur t.d. um heimasíðugerð á vegum Eyglóar á Akureyri og um endurmenntun innan fyrirtækja sem formaðurinn okkar sá um.

Margir góðir fyrirlesarar tóku til máls t.d. Anni Marjoram ráðgjafi borgarstjóra Lundúna og Sigrún Klara frá Íslandi. Fram kom að þingið var vel skipulagt og þar rékti gott andrúmsloft. Næsta Evrópuþing verður í Noregi eftir tvö ár.

Þá kom fram að Sigrún Klara Hannesdóttir, hyggst gefa kost á sér til 2. varaforseta alþjóðasamtaka DKG og voru konur beðnar að senda stuðningsyfirlýsingu til þar til bærri aðila.

Næst sagði Ingibjörg frá því að ekki þætti ástæða til að fjölga í deildinni okkar að sinni.

Yfirskrift vetrarins er: Samfelld starfsmenntun, konur í listum. Greint var frá því að Jótadeild verður með fréttablaðið í vetur. Umræður voru um vörðig og um hvernig hægt væri að styðja við unga kennara.

Í lok fundarins fékk Stefanía rós og var þakkað fyrir móttökurnar.

Fundi var nú slitið en að því loknu bauð Stefanía upp á mjög áhugaverða skoðunarferð um Þjóðarbókhöðuna sem margar þáðu. Óhætt er að segja að mikið sé af alls konar bókum í þessu stóra húsi ásamt tónlist, listaverkum o.fl.

Þá var komið að því að halda heim eftir mjög fróðlegt síðdegi með Gammakonum.

Gert 15.október Björg Eiríksdóttir